



Hvatningarverðlaun velferðarráðs Reykjavíkur

Kæri starfsmaður, notandi, samstarfsaðili!

Velferðarráð efkir í sjötta sinn til hvatningarverðlauna fyrir eftirtektaverða alúð, þróun og/eða nýbreytni í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar á árinu 2016.

Hvatningarverðlaun velferðarráðs voru veitt í fimmta sinn á síðastliðnu ári og bárust margar góðar tilnefningar.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að örva og vekja athygli á því mannbætandi og gróskumikla starfi sem fer fram í velferðarþjónustu borgarinnar. Verðlaunin eiga að vera viðurkenning til verðlaunahafa og staðfesting þess að viðkomandi sé fyrirmynd annarra á því sviði sem um ræðir.

Starfsmenn Velferðarsviðs og annarra sviða Reykjavíkurborgar, notendur velferðarþjónustu og samstarfsaðilar geta tilnefnt. Unnt er að tilnefna einstakling, starfsstað, hóp og/eða verkefni til verðlauna fyrir eftirtektaverða alúð, þróun og/eða nýbreytni varðandi hvaðeina sem við kemur velferðarmálum og unnið hefur verið á árinu 2016. Einnig má tilnefna einstakling fyrir farsælt starf á sviði velferðarmála. Eyðublað fyrir tilnefningar fylgir þessu bréfi. Það er einnig að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar og má fylla þar út og senda á rafrænu formi.

Verðlaun verða veitt í eftirfarandi:

- a) einstaklingar
- b) starfsstaðir
- c) hópar/verkefni

Valnefnd mun velja úr tilnefningum sem berast. Valnefnd er skipuð fulltrúum velferðarráðs, skrifstofu velferðarsviðs, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og BHM. Verðlaunagripir verða afhentir þeim sem þykja bera af. Verðlaunaveitingin fer fram í lok þekkingardags velferðarsviðs þann 10.febrúar 2017.

Frekari upplýsingar veitir Sigurveig Helga Jónsdóttir starfsmaður valnefndar, sími 4111111 og netfang: sigurveig.helga.jonsdottir@reykjavik.is

Tilnefningar skulu hafa borist valnefnd fyrir **31.janúar 2017**. Aðsetur hennar er á skrifstofu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Netfang: hvatningarverdlaun.velferðarrads@reykjavik.is

Eyðublaðið má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, <http://reykjavik.is/hvatningarverdlaun-velferðarrads>

13. janúar 2017

Fh. Velferðarráðs

Ilmur Kristjánsdóttir